# Hugmyndir að stefnumótum

Janúar

Febrúar

Mars

Apríl

Maí

Júní

Júlí

Ágúst

September

Október

Nóvember

Desember

Stefnumót með makanum

## PÚSL OG PINOT

Setjist niður með gott púsl og glas af pinot noir eða grigio eina kvöldstund og njótið félagsskapar hvors annars.

*Sparnaðarráð: í stað þess að kaupa nýtt púsl er hægt að kaupa notað.*

Kostnaður ●○○○○ Tími ●●●○○

Stefnumót með makanum

## HEIMASPA

Róleg og slakandi tónlist. Maskar. Gúrkur fyrir augun. Nuddolía. Naglalakk. Bubblur.
Njótið heimaspasins í rólegu umhverfi heima hjá ykkur og slakið á.

Kostnaður ●●○○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## PIZZA OG BÍÓ

Pantið pizzu eða bakið hana sjálf. Setjið á góða bíómynd í sjónvarpinu og njótið! Einfalt og þægilegt.

Kostnaður ●●○○○ Tími: ●●○○○

Stefnumót með makanum

## SPILAKVÖLD Á NÁTTFÖTUNUM

Takið fram tveggja manna borðspilin eða spilastokk og þægilegustu náttfötin. Spilið tvö saman langt fram á nótt.

Kostnaður ○○○○○ Tími: ●●●○○

Stefnumót með makanum

## ÁSTARJÁTNINGAR

Takið fram nokkra miða og penna. Skiptið miðunum jafn á milli og skrifið niður nokkrar setningar um af hverju þið elskið hvort annað. Skiptist svo á miðum og lesið þá upphátt til skiptis.

Kostnaður ●○○○○ Tími: ●○○○○

Stefnumót með makanum

## HRYLLINGSMYND

Finnið ykkur eina góða hryllingsmynd og komið ykkur fyrir saman í sófanum ásamt léttum veitingum.

Kostnaður ●○○○○ Tími: ●●○○○

Stefnumót með makanum

## STJÖRNUSKOÐUN

Farið út og skoðið stjörnuhimininn saman á góðum stað í rólegheitunum og njótið. Það þarf ekki að vera flóknara en það. Fyrir þau sem vilja fræðast um stjörnurnar væri sniðugt að ná í stjörnuapp í símanum.

Kostnaður ○○○○○ Tími ●○○○○

Stefnumót með makanum

## SLÖKUN Á HÓTELI

Þetta stefnumót er gott fyrir stærri tilefni, eins og brúðkaups- eða sambandsafmæli. Finnið ykkur spennandi hótel og skellið ykkur í helgarferð. Það er engin skylda að fara út af hótelinu.

Kostnaður ●●●●● Tími ●●●●●

Stefnumót með makanum

## FALLHLÍFARSTÖKK

Ég veit... Þetta er nokkuð klikkuð hugmynd. En þau sem eru ævintýragjörn treysta sér í fallhlífarstökk ættu að prófa.

Kostnaður ○○○○○ Tími ○○○○○

Stefnumót með makanum

## HELGARFERÐ ÚT Á LAND

Skipuleggið helgarferð út á land og pössun fyrir börnin. Drífið ykkur úr bænum og skemmtið ykkur vel.

Kostnaður ○○○○○ Tími ○○○○○

Stefnumót með makanum

## HEIMSÓKN Í NÁGRANNABÆ

Keyrið yfir í næsta bæ og takið ykkur heilan dag í að skoða hann eins og þið væruð túristar. Farið á byggðasafnið, skoðið styttur og prófið fína veitingastaðinn (eða sjoppuna).

Kostnaður ○○○○○ Tími ○○○○○

Stefnumót með makanum

## TÚRISTAFERÐ

Takið frá heilan dag í að rúnta um einhvern landshluta eins og þið væruð ferðamenn. Stoppið á öllum helstu ferðamannastöðunum og takið nóg af sjálfum til að setja á samfélagsmiðla.

Kostnaður ○○○○○ Tími ○○○○○

Stefnumót með makanum

## TÚRISTAST HEIMA

Skoðið ykkar eigin bæ eins og þið væruð túristar. Farið á söfn, skoðið listaverk og farið út að borða. Hvað skoða túristarnir sem koma í bæinn ykkar?

Kostnaður ○○○○○ Tími ○○○○○

Stefnumót með makanum

## ÞYRLUFLUG

Pantið ykkur þyrluflug og njótið þess að skoða fallega landið okkar ofan frá.

Kostnaður ○○○○○ Tími ○○○○○

Stefnumót með makanum

## "PRETTY WOMAN"

Stefnumót í anda bíómyndarinnar Pretty Woman. Kaupið á ykkur ný föt, farið síðan fínt út að borða, þar á eftir í spa og endið daginn á hótelherbergi.

*Sparistefnumót enda er það alveg í það dýrasta. Undirbúningur: horfa á myndina.*

Kostnaður ○○○○○ Tími ○○○○○

Stefnumót með makanum

## ÚTILEGA

Takið fram útilegubúnaðinn og eltið góða veðrið. Þið eruð að fara í útilegu.

*Kostnaður ferðarinnar veltur á ykkur.*

Kostnaður ○○○○○ Tími ○○○○○

Stefnumót með makanum

## GÖNGUTÚR

Njótið þess að fara saman í göngutúr í góðu veðri. Þið ráðið hvert þið farið og hversu lengi þið verðið.

Kostnaður ○○○○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## FJALLGANGA

Gangið saman upp á fjall og njótið útsýnisins. Þið getið auðveldlega stjórnað tíma, erfiðleikastigi og kostnaði á þessu stefnumóti.

Kostnaður ○○○○○ Tími ●●●○○

Stefnumót með makanum

## ÚTREIÐARTÚR

Finnið út úr því hvar þið getið komist á hestbak og bókið tíma í útreiðartúr. Ef þið hafið aldrei prófað að fara á hestbak eru til fullt af ferðum fyrir byrjendur.

Kostnaður ●●●●○ Tími ●●●●●

Stefnumót með makanum

## RÆKTIN OG SMOOTHIE

Gefið ykkur tíma til að fara saman í ræktina og fáið ykkur smoothie á eftir. Ykkur á eftir að líða vel á eftir.

Kostnaður ●○○○○ Tími ●●●○○

Stefnumót með makanum

## SKÓGARFERÐ

Skellið ykkur í skógarferð í næsta skóg eða skógrækt. Njótið þess að ganga saman í skóginum. Ekki er vitlaust að taka smá nesti með.

Kostnaður ●○○○○ Tími ●●●○○

Stefnumót með makanum

## KÖRFUBOLTI

Takið fram körfuboltann og farið út í körfubolta. Það þarf ekkert að vera góður í körfubolta til að hafa gaman.

Kostnaður ○○○○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## NÝR RÉTTUR

Skoðið uppskriftir í bókum eða á netinu og prófið eitthvað alveg nýtt í kvöldmatinn og eldið það saman.

*Kostnaður fer eftir uppskriftinni.*

Kostnaður ●●●○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## SAMLOKUKEPPNI

Hvort ykkar býr til betri samloku? Kaupið allt í samlokurnar ykkar og keppist svo um hvort ykkar nær að búa til betri samloku í kvöldmatinn.

Kostnaður ●●○○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## MATURINN HEIM

Pantið mat heim og borðið við kertaljós og dinnertónlist.

Kostnaður ●●●●○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## "BETTY CROCKER"

Kaupið pakka af þurrefnunum í köku og reynið að poppa upp kökuna og gera hana extra djúsí og góða. Hægt er að gera þetta að keppni ef áhugi er á því. Hvort ykkar nær þá að búa til betri köku.

Kostnaður ●●○○○ Tími ●●●○○

Stefnumót með makanum

## FONDÚ

Búið ykkur til dýrindis fondú og eigið notalega kvöldstund við kertaljós og góða tónlist.

Kostnaður ●●●○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## TIK TOK DANS

Fáið ykkur Tik tok og skoðið nýjustu dansana. Lærið hann og takið upp og setjið svo jafn vel á Tik tok.

Kostnaður ○○○○○ Tími ●●●○○

Stefnumót með makanum

## 20 SPURNINGAR

Farið í leikinn 20 spurningar og kynnist makanum ykkar ennþá betur. Hægt er að finna spurningar á netinu með því að leita t.d. að *"20 questions game"*.

Kostnaður ○○○○○ Tími ●○○○○

Stefnumót með makanum

## FÓTBOLTAGOLF

Farið saman í fótboltagolf. Óvenjulegt og skemmtilegt stefnumót.

Kostnaður ●○○○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## DANSNÁMSKEIÐ

Skráið ykkur á dansnámskeið eða farið í einn prufutíma. Ef ekkert slíkt er í boði nálægt heimili ykkar er hægt að læra alls kyns dansa á YouTube.

Kostnaður ●●○○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## PUB QUIZ

Farið saman á næst pub quiz sem auglýst er í nágrenni við ykkur. Það skiptir mestu máli að hafa bara gaman, frekar en að vinna.

Kostnaður ●○○○○ Tími ●●●○○

Stefnumót með makanum

## FYRSTA DEITIÐ

Gerið það sama og þið gerðuð á fyrsta (alvöru) deitinu ykkar. Fóruð þið út að borða á einhverjum ákveðnum veitingastað? Farið þá þangað. Var fyrsta deitið ísbíltúr? Þá gerið þið það.

Kostnaður ○○○○○ Tími ○○○○○

Stefnumót með makanum

## ÍSBÍLTÚR

Klassískt íslenskt deit. Bíltúr um bæinn á meðan ísinn er borðaður. Kannski er hægt að stoppa á einhverjum útsýnisstað.

Kostnaður ●○○○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## JÓGA

Skellið ykkur saman í jóga. Það er annað hvort hægt að fara á námskeið eða prufutíma í persónu, hot jógatíma í ræktinni eða einfaldlega finna myndband á Youtube og fara í jóga heima í stofu.

Kostnaður ○○○○○ Tími ●○○○○

Stefnumót með makanum

## PRJÓNA SAMAN

Við eigum nú flest að kunna að prjóna síðan í grunnskóla. Ef þið eruð farin að ryðga eru til fjölmörg myndbönd á netinu eða ef annað kann að prjóna getur það kennt hinu.

Kostnaður ●●○○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## POPP OG NÁTTFATAPARTÝ

Setjið poppið í pott eða örbylgjuofn, farið í náttfötin og eigið gott kvöld saman í náttfatapartýi.

Kostnaður ●○○○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## FREYÐIBAÐ

Eigið notalega kvöldstund saman í freyðibaði. Bubblur í glasi mega vera við höndina ásamt kósý tónlist.

Kostnaður ●○○○○ Tími ●○○○○

Stefnumót með makanum

## KÖKUSKREYTINGAKEPPNI

Haldið ykkar eigin kökuskreytingarkeppni. Þið getið útfært keppnina eftir ykkar höfði.

Kostnaður ●●○○○ Tími ●●●○○

Stefnumót með makanum

## VÍNSMÖKKUN HEIMA

Farið saman í Ríkið og veljið nokkrar tegundir af víni sem þið hafið ekki prófað áður. Haldið vínsmökkun heima og gefið vínunum einkunn.

Kostnaður ●●○○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## MATARVAGN EÐA MATHÖLL

Farið út að borða í mathöll eða finnið matarvagn til að prófa.

Kostnaður ●●●○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## IKEA-DEIT

Farið saman í IKEA og prófið að máta ykkur í uppstillingarnar í búðinni og fáið ykkur svo að borða á veitingastaðnum. Mjög rómó.

Kostnaður ●○○○○ Tími ●●●○○

Stefnumót með makanum

## HEIMATILBÚIÐ PASTA

Lærið að búa til heimatilbúið pasta (t.d. á Youtube) og eldið dýrindis pastarétt með heimatilbúnu pasta og borðið við kertaljós.

Kostnaður ●○○○○ Tími ●●●○○

Stefnumót með makanum

## SINFÓNÍUTÓNLEIKAR

Farið saman á symfóníutónleika.

Kostnaður ●●●●○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## KAJAK

Farið á kajak og eigið skemmtilegan dag saman.

Kostnaður ●●●○○ Tími ●●●○○

Stefnumót með makanum

## PÍLA

Að fara í pílu er góð skemmtun. Það skiptir samt engu máli hver vinnur, það er bara gaman að taka þátt. Ekki er verra að fá sér góðan drykk með.

Kostnaður ●○○○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## SUND

Farið saman í sundlaug að eigin vali. Það er þó tilvalið að prófa einhverja nýja.

Kostnaður ●○○○○ Tími ●●○○○

Stefnumót með makanum

## SPILAKVÖLD

Haldið spilakvöld heima, bara fyrir ykkur. Það eru til alls konar skemmtileg spil sem henta tveimur leikmönnum.

Kostnaður ○○○○○ Tími ●●○○○